

Umsögn Landssamtakanna Proskahjálpar um tillögu til þingsályktunar um stofnun ráðgjafarstofu innflytjenda, 19. mál.

Landssamtökin Proskahjálpar vinna að mannréttindamálum fatlaðs fólks, með sérstaka áherslu á fötluð börn og fólk með þroskahömlun. Aðildarfélög að samtökunum eru rúmlega 20 með um 6000 félögum.

Samtökin vilja koma eftirfarandi á framfæri varðandi þingsályktunartillöguna.

Miklar og margvíslegar vísbendingar eru um að mikil hættu sé á að fatlað fólk með innflytjenda-bakgrunn (innflytjendur, hælisleitendur, flóttafólk) fari á mis við þjónustu sem það þarf mjög á að halda og á rétt á samkvæmt lögum og reglum, vegna skorts á viðeigandi leiðbeiningum, upplýsingum og stuðningi. Landssamtökin Proskahjálpar hafa á undanförunum mánuðum unnið að því, í smasatarfi við ýmsar stofnanir ríkis og sveitarfélaga og ýmis félög, að greina stöðu fatlaðra barna með innflytjenda-bakgrunn og það sem fyrir liggur nú í því verkefni styður mjög að svo sé.

Proskahjálpar tók þátt í málstofu um stöðu fatlaðra barna á fjölmenningsþingi í Reykjavík 17. nóvember sl. Þar kom þetta einnig skýrt fram.

<https://reykjavik.is/frettir/vel-heppnad-fjolmenningarthing>

<http://www.ruv.is/frett/fotludum-bornum-innflytjenda-se-mismunad>

Með vísan til þess sem að framan er rakið hvetja Landssamtökin Proskahjálpar Alþingi eindregið til að samþykkja þingsályktunartillöguna.

Virðingarfyllt,

f.h. Landssamtakanna Proskahjálpar

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri